Ársreikningur

# Sveitarfélagsins Álftaness

2011

Sveitarfélagið

ÁLFTANES

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra | 2 |
| Áritun óháðra endurskoðenda | 3 |
| Rekstrarreikningur ársins 2011 | 4 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2011 | 5 - 6 |
| Sjóðstreymi ársins 2011 | 7 |
| Skýringar | 8 - 21 |

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2011 námu 1.452 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A hluta, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.415 millj.kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins var neikvæð um 404 millj.kr., en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 1.380 millj.kr. rekstrarafgangi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2011 var neikvætt um 1.653 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 5.743 millj.kr. í lok árs 2011 og hækkuðu um 251 millj.kr. frá fyrra ári. Heildarskuldir í lok árs 2010 námu 5.492 millj.kr.

Laun og tengd gjöld A hluta námu alls 771 millj.kr. á árinu.

Íbúar sveitarfélagsins 1. desember 2011 voru 2412 og fækkaði um 67 á árinu, eða um 2,7%.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2011 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Álftanesi, 13. apríl 2012

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2011 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Álftanesi, 14. maí 2012

Bæjarstjórn:

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta, áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ástæður fyrir áliti með fyrirvara**

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar og skýringu 38 í ársreikningi sveitarfélagsins á sveitarfélagið í miklum greiðsluerfiðleikum. Bæjastjórn Álftaness sendi Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) tilkynningu, í nóvember 2009, þess efnis að sveitarfélagið væri komið í fjárþröng og að bæjarstjórn teldi sér eigi unnt að standa í skilum. Að tillögu EFS skipaði ráðherra sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn þann 8. febrúar 2010 með skipunartíma til 1. ágúst 2010. Fjárhaldsstjórn er nú skipuð til 2. júlí 2012. Fjárhaldsstjórn tók við stjórn fjármála sveitarfélagsins og er bæjarstjórn óheimilt að inna greiðslur af hendi úr bæjarsjóði án samþykkis hennar. Því ríkir veruleg óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

Jafnframt setjum við fyrirvara við fjárhæðir í dálkinn „Eftir endurskipulagningu“ í skýringu 39. Þar er stuðst við óundirrituð samningsdrög og eru fjárhæðir sem þar koma fram óendurskoðaðar.

**Álit með fyrirvara**

Það er álit okkar, ef frá eru talin áhrif þeirra atriða sem nefnd eru í kaflanum um ástæður fyrir áritun með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 26. apríl 2012

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Guðrún Torfhildur Gísladóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Reikningur 2011 | Áætlun 2011 | Reikningur 2010 | Reikningur 2011 | Áætlun 2011 | Reikningur 2010 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Skatttekjur | 2 | 1.016.900 | 1.022.090 | 992.267 | 1.016.900 | 1.022.090 | 992.267 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | | 299.752 | 258.890 | 248.899 | 299.752 | 258.890 | 248.899 |
| Aðrar tekjur | | 135.657 | 133.922 | 137.010 | 175.277 | 178.222 | 137.010 |
| | 17 | 1.452.310 | 1.414.902 | 1.378.176 | 1.491.929 | 1.459.202 | 1.378.176 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 12, 18 | 771.355 | 758.885 | 814.746 | 771.355 | 758.885 | 814.746 |
| Annar rekstrarkostnaður | 19 | 333.291 | 308.064 | 318.022 | 347.422 | 324.264 | 318.022 |
| | | 1.104.646 | 1.066.949 | 1.132.768 | 1.118.777 | 1.083.149 | 1.132.768 |
| Afskriftir | 6, 22 | 130.862 | 123.499 | 122.643 | 133.262 | 124.699 | 122.643 |
| | | 1.235.508 | 1.190.448 | 1.255.411 | 1.252.039 | 1.207.848 | 1.255.411 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 216.801 | 224.454 | 122.765 | 239.890 | 251.354 | 122.765 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 20 | ( 503.083 ) | ( 231.004 ) | ( 131.578 ) | ( 503.083 ) | ( 233.822 ) | ( 131.578 ) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir óvenjulega liði | | ( 286.281 ) | ( 6.550 ) | ( 8.813 ) | ( 263.193 ) | 17.532 | ( 8.813 ) |
| **Óvenjulegir liðir** | | | | | | | |
| Óvenjulegir liðir | | ( 118.042 ) | 1.386.841 | 0 | ( 118.042 ) | 1.386.841 | 0 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)** | 21, 29 | ( 404.323 ) | 1.380.291 | ( 8.813 ) | ( 381.235 ) | 1.404.373 | ( 8.813 ) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti Reikningur 2011 | Sveitarsjóður A hluti Reikningur 2010 | Samantekið A og B hluti Reikningur 2011 | Samantekið A og B hluti Reikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir, lóðir, lendur og jarðir | | 1.447.934 | 1.429.410 | 1.447.934 | 1.429.410 |
| Veitukerfi | | 0 | 0 | 57.600 | 0 |
| Íþróttavellir og gatnakerfi | | 131.810 | 58.766 | 131.810 | 58.766 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 35.457 | 49.715 | 35.457 | 49.715 |
| Leigðar eignir | | 1.586.904 | 1.639.040 | 1.586.904 | 1.639.040 |
| | 5,6,22 | 3.202.104 | 3.176.931 | 3.259.704 | 3.176.931 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Stofnframlög og eignarhlutir í félögum | 7,26 | 485.225 | 482.787 | 485.225 | 482.787 |
| Skuldabréf | 8,27 | 164 | 310.307 | 164 | 310.307 |
| | | 485.389 | 793.094 | 485.389 | 793.094 |
| Fastafjármunir | | 3.687.493 | 3.970.025 | 3.745.093 | 3.970.025 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur | 9,28 | 106.294 | 113.382 | 106.294 | 113.382 |
| Viðskiptakröfur | 9 | 17.125 | 117.027 | 17.125 | 117.027 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | 27 | 160 | 315 | 160 | 315 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | | 34.511 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar kröfur | | 9.462 | 10.472 | 9.462 | 10.472 |
| Handbært fé | 10 | 234.316 | 31.898 | 234.316 | 31.898 |
| Veltufjármunir | | 401.868 | 273.094 | 367.357 | 273.094 |
| **Eignir samtals** | | 4.089.361 | 4.243.119 | 4.112.450 | 4.243.119 |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | 11 | | | | |

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti Reikningur 2011 | Sveitarsjóður A hluti Reikningur 2010 | Samantekið A og B hluti Reikningur 2011 | Samantekið A og B hluti Reikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 29 | ( 1.653.340 ) | ( 1.249.016 ) | ( 1.630.251 ) | ( 1.249.016 ) |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 12, 30 | 159.578 | 145.163 | 159.578 | 145.163 |
| | | 159.578 | 145.163 | 159.578 | 145.163 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 13, 31 | 1.719.565 | 1.760.223 | 1.719.565 | 1.760.223 |
| Leiguskuldir | 14, 32 | 2.199.887 | 2.148.945 | 2.199.887 | 2.148.945 |
| | | 3.919.452 | 3.909.168 | 3.919.452 | 3.909.168 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 109.637 | 0 | 109.637 |
| Viðskiptaskuldir | | 64.442 | 116.164 | 64.442 | 116.164 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 489.194 | 284.294 | 489.194 | 284.294 |
| Gjaldfallnar afborganir og vextir | | 776.180 | 599.519 | 776.180 | 599.519 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 41, 43 | 111.052 | 111.052 | 111.052 | 111.052 |
| Fyrirframinnheimt framlag frá Jöfnunarsjóði | | 0 | 10.222 | 0 | 10.222 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 31 | 132.619 | 122.766 | 132.619 | 122.766 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 32 | 90.184 | 84.149 | 90.184 | 84.149 |
| | | 1.663.671 | 1.437.803 | 1.663.671 | 1.437.803 |
| Skuldir samtals | | 5.742.701 | 5.492.135 | 5.742.701 | 5.492.135 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 4.089.361 | 4.243.119 | 4.112.450 | 4.243.119 |
| **Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings** | 33-37 | 243.564 | 1.175.008 | 243.564 | 1.175.008 |

# Sjóðstreymi ársins 2011

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti Reikningur 2011 | Áætlun 2011 | Reikningur 2010 | Samantekið A og B hluti Reikningur 2011 | Áætlun 2011 | Reikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Niðurstaða ársins | 21 | ( 404.323 ) | 1.380.291 | ( 8.813 ) | ( 381.235 ) | 1.404.373 | ( 8.813 ) |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 22 | 130.862 | 123.499 | 122.643 | 133.262 | 124.699 | 122.643 |
| Verðbætur og gengismunur | 4 | 94.478 | 102.319 | 8.533 | 94.478 | 103.574 | 8.533 |
| Verðbætur og gengismunur leiguskulda | | 89.731 | 0 | ( 177.442 ) | 89.731 | 0 | ( 177.442 ) |
| Óvenjulegir liðir | | 243.711 | ( 1.386.841 ) | 0 | 243.711 | ( 1.386.841 ) | 0 |
| Söluhagnaður/- tap | | 16 | 0 | 0 | 16 | 0 | 0 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 30 | 15.833 | 9.412 | 9.412 | 15.833 | 9.412 | 9.412 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 170.309 | 228.680 | ( 45.667 ) | 195.797 | 255.217 | ( 45.667 ) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur, (hækkun), lækkun | | 26.460 | 968.800 | ( 30.689 ) | 26.460 | 968.800 | ( 30.689 ) |
| Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun | | 1.010 | 10.000 | 857 | 1.010 | 10.000 | 857 |
| Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun) | | 142.957 | ( 244.020 ) | 98.387 | 142.957 | ( 244.020 ) | 98.387 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 170.426 | 734.780 | 68.556 | 170.426 | 734.780 | 68.556 |
| Handbært fé frá rekstri | | 340.735 | 963.460 | 22.889 | 366.223 | 989.997 | 22.889 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 22 | ( 9.248 ) | ( 1.355.900 ) | 8.475 | ( 69.248 ) | ( 1.415.900 ) | 8.475 |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 15 | 0 | 0 | 15 | 0 | 0 |
| Fjárfest í eignarhlutum | 26 | ( 2.439 ) | 0 | ( 775 ) | ( 2.439 ) | 0 | ( 775 ) |
| Skuldabréf, breyting | 27 | 299 | 0 | 7.179 | 299 | 0 | 7.179 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 11.373 ) | ( 1.355.900 ) | 14.879 | ( 71.373 ) | ( 1.415.900 ) | 14.879 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 1.187.100 | 290.888 | 0 | 1.187.100 | 290.888 |
| Afborganir langtímalána | 31 | ( 125.284 ) | ( 551.136 ) | ( 305.117 ) | ( 125.284 ) | ( 551.136 ) | ( 305.117 ) |
| Afborganir leiguskulda | 32 | ( 32.754 ) | 0 | 0 | ( 32.754 ) | 0 | 0 |
| Viðskiptareikningar eigin fyrirtækja, breyting | | ( 34.511 ) | ( 61.255 ) | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímalán, breyting | | 67.024 | ( 144.637 ) | 8.444 | 67.024 | ( 144.637 ) | 8.444 |
| Afborganir lífeyrisskuldbindinga | 30 | ( 1.419 ) | ( 1.000 ) | ( 1.230 ) | ( 1.419 ) | ( 1.000 ) | ( 1.230 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 126.944 ) | 429.072 | ( 7.016 ) | ( 92.433 ) | 490.327 | ( 7.016 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 202.417 | 36.632 | 30.752 | 202.417 | 64.424 | 30.752 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 31.898 | 31.898 | 1.146 | 31.898 | 31.898 | 1.146 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 234.316 | 68.530 | 31.898 | 234.316 | 96.322 | 31.898 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Fráveitan fellur undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins en hún var keypt aftur af Orkuveitun Reykjavíkur á árinu.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins (nú innanríkisráðuneyti) um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en birtar eru viðbótarupplýsingar í skýringum í samræmi við ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga og auglýsingu ráðuneytisins.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Af viðskiptum milli rekstrareininga bæjarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

### Innlausn tekna

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar mannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur, vegna viðkomandi verkefnis, eru tekjur færðar í rekstrarreikning við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra fastafjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á. Sala byggingaréttar og endurgreiddur byggingaréttur færist með sama hætti og söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna, þ.e. meðal annarra tekna í rekstrarreikningi.

### Færsla gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra var stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki færðar til eignar þar sem um óverulega fjárhæð er að ræða.

### Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

6. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir, lóðir, lendur og jarðir | 25 - 40 ár |
| Veitukerfi | 25 ár |
| Íþróttavellir og gatnakerfi | 25 - 40 ár |
| Vélar, áhöld og tæki | 5 - 12 ár |

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðhluti miðað við leigutíma. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 30 ár |

### Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

7. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði.

### Langtímakröfur

8. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

9. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Óbein niðurfærsla skatttekna nam í lok ársins 49,0 millj.kr. og viðskiptakrafna 6,8 millj.kr. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### Handbært fé

10. Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### Eignir utan efnahagsreiknings

11. Lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum, sem áður hefur verið gjaldfærð, er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### Lífeyrisskuldbinding

12. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2011. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 18.

### Langtímaskuldir

13. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Gjaldfallnar og næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### Leiguskuld

14. Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

### Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

15. Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar bæjarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 33-37.

### Fjárhagsáætlun

16. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2011 er hluti ársreikningsins og er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

## Rekstrartekjur

17. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður - A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur: | 2011 | Áætlun | 2011 | Áætlun |
| Útsvar | 907.471 | 894.460 | 907.471 | 894.460 |
| Fasteignaskattar | 109.096 | 127.300 | 109.096 | 127.300 |
| Lóðarleiga | 333 | 330 | 333 | 330 |
| | 1.016.900 | 1.022.090 | 1.016.900 | 1.022.090 |
| Jöfnunarsjóður: | | | | |
| Útgjaldajöfnunarframlag | 124.241 | 95.600 | 124.241 | 95.600 |
| Tekjujöfnunarframlag | 52.020 | 51.050 | 52.020 | 51.050 |
| Framlag vegna fasteignaskatts | 6.905 | 6.750 | 6.905 | 6.750 |
| Framlag vegna sérþarfa fatlaðra | 20.280 | 16.890 | 20.280 | 16.890 |
| Framlag vegna fjárhagserfiðleika | 200.886 | 0 | 200.886 | 0 |
| Framlag vegna grunnskóla | 96.306 | 88.600 | 96.306 | 88.600 |
| Fært meðal óvenjulegra liða | ( 200.886 ) | 0 | ( 200.886 ) | 0 |
| | 299.752 | 258.890 | 299.752 | 258.890 |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður samtals | 1.316.652 | 1.280.980 | 1.316.652 | 1.280.980 |

| Aðrar tekjur: | Sveitarsjóður - A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Áætlun | 2011 | Áætlun |
| Þjónustutekjur o.fl. | 106.984 | 106.002 | 146.604 | 150.302 |
| Sorphirðugjald | 19.897 | 20.620 | 19.897 | 20.620 |
| Húsaleigubætur | 7.454 | 7.300 | 7.454 | 7.300 |
| Aðrar tekjur | 1.322 | 0 | 1.322 | 0 |
| | 135.657 | 133.922 | 175.277 | 178.222 |
| Rekstrartekjur samtals | 1.452.310 | 1.414.902 | 1.491.929 | 1.459.202 |

## Laun og launatengd gjöld

18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður - A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Áætlun | 2011 | Áætlun |
| Laun | 598.759 | 600.594 | 598.759 | 600.594 |
| Launatengd gjöld | 156.763 | 148.879 | 156.763 | 148.879 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 15.833 | 9.412 | 15.833 | 9.412 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 771.355 | 758.885 | 771.355 | 758.885 |

Starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 146 stöðugildum í árslok.

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 26,4 millj.kr. á árinu 2011.

## Annar rekstrarkostnaður

19. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | Sveitarsjóður - A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Áætlun | 2011 | Áætlun |
| Vöru- og þjónustukaup | 213.130 | 190.624 | 227.261 | 206.824 |
| Styrkir, framlög og annar kostnaður | 120.160 | 117.440 | 120.160 | 117.440 |
| | 333.291 | 308.064 | 347.422 | 324.264 |

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

20. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður - A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Áætlun | 2011 | Áætlun |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 3.087 | 10.298 | 3.087 | 7.480 |
| Vaxtagjöld og gengismunur | ( 321.961 ) | ( 241.302 ) | ( 321.961 ) | ( 241.302 ) |
| Verðbætur langtímaskulda | ( 94.478 ) | 0 | ( 94.478 ) | 0 |
| Verðbætur og gengismunur leiguskulda | ( 89.731 ) | 0 | ( 89.731 ) | 0 |
| | ( 503.083 ) | ( 231.004 ) | ( 503.083 ) | ( 233.822 ) |

## Heildaryfirlit um rekstur

21. Rekstur málaflokka aðalsjóðs greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| 00 - Skatttekjur | 0 | 1.334.881 | 1.334.881 | 1.276.680 |
| 02 - Félagsþjónusta | 85.538 | 7.748 | ( 77.790 ) | ( 77.812 ) |
| 04 - Fræðslumál | 788.076 | 82.092 | ( 705.984 ) | ( 695.695 ) |
| 05 - Menningarmál | 10.180 | 135 | ( 10.045 ) | ( 9.847 ) |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál | 367.116 | 37.545 | ( 329.571 ) | ( 106.630 ) |
| 07 - Brunamál og almannavarnir | 13.080 | 0 | ( 13.080 ) | ( 12.850 ) |
| 08 - Hreinlætismál | 20.327 | 20.667 | 340 | ( 1.190 ) |
| 09 - Skipulags- og byggingarmál | 7.675 | 333 | ( 7.342 ) | ( 6.649 ) |
| 10 - Umferðar- og samgöngumál | 29.046 | 0 | ( 29.046 ) | ( 27.300 ) |
| 11 - Umhverfismál | 3.704 | 25 | ( 3.679 ) | ( 5.780 ) |
| 13 - Atvinnumál | 0 | 1.000 | 1.000 | 900 |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður | 93.939 | 3.468 | ( 90.471 ) | ( 85.148 ) |
| 22 - Breytingar á lífeyrisskuldbindingu | 15.833 | 0 | ( 15.833 ) | ( 9.412 ) |
| 27 - Óvenjulegir liðir | 118.042 | 0 | ( 118.042 ) | 1.029.000 |
| 28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 169.755 | 0 | ( 169.755 ) | ( 191.317 ) |
| Aðalsjóður samtals | 1.722.310 | 1.487.893 | ( 234.417 ) | 1.076.950 |
| A hluta stofnanir: | | | | |
| Eignasjóður rekstur | 511.776 | 358.790 | ( 152.985 ) | 314.874 |
| Þjónustustöð | 30.653 | 13.732 | ( 16.921 ) | ( 11.533 ) |
| Innri færslur A hluta | ( 408.105 ) | ( 408.105 ) | 0 | 0 |
| | 134.323 | ( 35.583 ) | ( 169.906 ) | 303.341 |
| A hluti samtals | 1.856.633 | 1.452.310 | ( 404.323 ) | 1.380.291 |
| B hluta stofnanir: | | | | |
| Fráveita | 21.031 | 44.119 | 23.089 | 24.082 |
| Innri færslur A og B hluta | ( 4.500 ) | ( 4.500 ) | 0 | 0 |
| | 16.531 | 39.619 | 23.089 | 24.082 |
| A og B hluti samtals | 1.873.164 | 1.491.929 | ( 381.235 ) | 1.404.373 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

**A hluti**

22. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir, lóðir, lendur og jarðir | Íþróttavellir og gatnakerfi | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2011 | 1.872.227 | 65.372 | 119.118 | 2.056.717 |
| Afskrifað áður | ( 442.817 ) | ( 6.606 ) | ( 69.403 ) | ( 518.825 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2011 | 1.429.410 | 58.766 | 49.715 | 1.537.891 |
| Viðbót á árinu | 106.223 | 1.432 | 1.593 | 109.248 |
| Gatnagerðargjöld | 0 | 80.529 | 0 | 80.529 |
| Selt og niðurlagt | ( 30.222 ) | ( 3.490 ) | ( 31 ) | ( 33.742 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 57.478 ) | ( 5.429 ) | ( 15.820 ) | ( 78.726 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2011 | 1.447.934 | 131.810 | 35.457 | 1.615.200 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5 - 4% | 2,5 - 4% | 8 - 20% | |

Leigðar eignir greinast þannig:

| | Fasteignir |
|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2011 | 1.762.523 |
| Afskrifað áður | ( 123.483 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2011 | 1.639.040 |
| Afskrifað á árinu | ( 52.136 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2011 | 1.586.904 |
| Afskriftarhlutföll | 3,3% |

| | Bókfært verð |
|---|---|
| Íþróttahús | 523.676 |
| Skólalóð | 177.875 |
| Sundlaug | 885.353 |
| | 1.586.904 |

Samantekið:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstarfjármunir í árbyrjun | 3.176.931 |
| Viðbót á árinu | 109.248 |
| Gatnagerðargjöld | 80.529 |
| Selt og niðurlagt | ( 33.742 ) |
| Afskrifað samtals á árinu | ( 130.862 ) |
| Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í lok árins | 3.202.104 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

**A og B hluti**

23. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir, lóðir, lendur og jarðir | Íþróttavellir gatna- og veitukerfi | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2011 | 1.872.227 | 65.372 | 119.118 | 2.056.717 |
| Afskrifað áður | ( 442.817 ) | ( 6.606 ) | ( 69.403 ) | ( 518.825 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2011 | 1.429.410 | 58.766 | 49.715 | 1.537.891 |
| Viðbót á árinu | 106.223 | 61.432 | 1.593 | 169.248 |
| Gatnagerðargjöld | 0 | 80.529 | 0 | 80.529 |
| Selt og niðurlagt | ( 30.222 ) | ( 3.490 ) | ( 31 ) | ( 33.742 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 57.478 ) | ( 7.829 ) | ( 15.820 ) | ( 81.126 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2011 | 1.447.934 | 189.410 | 35.457 | 1.672.800 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5 - 4% | 2,5 - 4% | 8 - 20% | |

Leigðar eignir greinast þannig:

| | Fasteignir |
|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2011 | 1.762.523 |
| Afskrifað áður | ( 123.483 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2011 | 1.639.040 |
| Afskrifað á árinu | ( 52.136 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2011 | 1.586.904 |
| Afskriftarhlutföll | 3,3% |

| | Bókfært verð |
|---|---|
| Íþróttahús | 523.676 |
| Skólalóð | 177.875 |
| Sundlaug | 885.353 |
| | 1.586.904 |

Samantekið:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstarfjármunir í árbyrjun | 3.176.931 |
| Viðbót á árinu | 169.248 |
| Gatnagerðargjöld | 80.529 |
| Selt og niðurlagt | ( 33.742 ) |
| Afskrifað samtals á árinu | ( 133.262 ) |
| Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í lok árins | 3.259.704 |

24. Fasteignamat og brunabótamat varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2011:

| **A hluti:** | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat | Bókfært verð 2011 |
|---|---|---|---|
| Leikskólar | 167.550 | 413.550 | 364.851 |
| Skólar | 397.130 | 996.580 | 543.473 |
| Leigðar eignir - íþróttamannvirki | 465.400 | 486.600 | 1.586.904 |
| Lóðir, lendur og jarðir | 110.035 | 0 | 315.274 |
| Aðrar fasteignir, íþróttavellir og götur | 54.367 | 124.060 | 356.145 |
| | 1.194.482 | 2.020.790 | 3.166.647 |
| Vélar, áhöld og tæki | | | 35.457 |
| Samtals A hluti | | | 3.202.104 |
| **B hluti:** | | | |
| Fráveita | | | 57.600 |
| Samtals A og B hluti | | | 3.259.704 |

25. Tryggingarverð lausafjármuna nam í lok ársins 571 millj.kr. og greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Skrifstofur sveitarfélagsins | 20.038 |
| Leikskólar | 86.684 |
| Skólar og skóladagheimili | 165.304 |
| Tónlistarskóli | 50.646 |
| Bókasafn | 69.130 |
| Íþróttamannvirki | 168.534 |
| Áhaldahús | 10.986 |
| | 571.322 |

## Áhættufjármunir og langtímakröfur:

26. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Nafnverð | A hluti Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| SORPA bs. | 0,78% | 4.373 | 7.325 |
| Strætó bs. | 1,18% | 10.620 | 5.811 |
| Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins | 0,96% | 7.712 | 6.839 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. | 0,84% | 5.880 | 6.295 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 0,72% | 36.100 | 63.897 |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. | 6,47% | 313.347 | 394.598 |
| Lyngholt ehf. | 0,50% | 50 | 50 |
| Landskerfi bókasafna hf. | 0,32% | 410 | 410 |
| | | | 485.225 |

27. Yfirlit yfir skuldabréfaeignir:

| | A hluti 2011 |
|---|---|
| Verðbréfaeign í ársbyrjun | 310.622 |
| Bakfært skuldabréf vegna riftunar samnings | ( 310.000 ) |
| Afborgun á árinu | ( 329 ) |
| Verðbætur | 30 |
| | 323 |
| Næsta árs afborganir | ( 160 ) |
| | 164 |

## Óinnheimtar skatttekjur

28. Óinnheimtar skatttekjur í árslok 2011 sundurliðast þannig:

| | A hluti 2011 | A hluti 2010 |
|---|---|---|
| Útsvar | 10.403 | 22.585 |
| Staðgreiðsla | 77.882 | 72.034 |
| Fasteignagjöld | 18.009 | 18.762 |
| | 106.294 | 113.382 |

## Eigið fé

29. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2011 | ( 1.249.016 ) | ( 1.249.016 ) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | ( 404.323 ) | ( 381.235 ) |
| Eigið fé samtals 31.12. 2011 | ( 1.653.340 ) | ( 1.630.251 ) |

## Lífeyrisskuldbinding

30. Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun lífeyrisréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings í árslok 2011, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breytingin á árinu greinist þannig:

| | A hluti |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1. 2011 | 145.163 |
| Breyting áunninna réttinda á árinu | 15.833 |
| Greitt á árinu | ( 1.419 ) |
| Lífeyrisskuldbinding í lok ársins | 159.578 |

## Langtímaskuldir

31. Breyting langtímalána á tímabilinu greinist þannig:

| A hluti: | Samtals |
|---|---|
| Staða lána í ársbyrjun | 1.882.989 |
| Afborganir af lánum | ( 125.284 ) |
| Verðbætur og gengismunur | 94.478 |
| Langtímaskuldir samtals | 1.852.184 |
| Næsta árs afborganir | ( 132.619 ) |
| | 1.719.565 |
| Vextir | 3,9% - 6,05% |

| Afborganir af langtímaskuldum í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár: | A hluti |
|---|---|
| Árið 2012 | 132.619 |
| Árið 2013 | 136.992 |
| Árið 2014 | 136.860 |
| Árið 2015 | 141.747 |
| Árið 2016 | 146.914 |
| Síðar | 1.157.051 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 1.852.184 |

## Leiguskuldir

32. Sveitarfélagið hefur gert þrjá leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar í efnahagsreikningi. Leigusamningarnir eru tengdir vísitölu neysluverðs að 45% en gengi evru að 55%. Leigusamningar greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Staða samninga 1.1. 2011 | 2.233.095 |
| Greiðslur ársins | ( 200.388 ) |
| Hluti vaxta í greiðslum ársins | 151.202 |
| Hluti rekstrarkostnaðar í greiðslum ársins | 16.432 |
| Verðbætur / gengismunur | 89.731 |
| Staða samninga 31.12.2011 | 2.290.071 |
| Næsta árs afborgun | ( 90.184 ) |
| Langtímahluti leiguskulda | 2.199.887 |

| Aðrar upplýsingar um leigusamninga: | Leigutími | Afvöxtunar-stuðull | Bókfært verð (núvirði lágmarks leigugreiðslna) |
|---|---|---|---|
| Íþróttahús | 2007-2037 | 6,6% | 912.128 |
| Skólalóð | 2007-2037 | 6,5% | 285.538 |
| Sundlaug | 2009-2039 | 6,5% | 1.092.405 |
| | | | 2.290.071 |

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

| | Árið 2012 | Árið 2013 | Árið 2014 | Árið 2015 | Árið 2016 | Síðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íþróttahús | 79.941 | 79.941 | 79.941 | 79.941 | 79.941 | 1.986.067 | 2.385.770 |
| Skólalóð | 25.025 | 25.025 | 25.025 | 25.025 | 25.025 | 614.199 | 739.325 |
| Sundlaug | 95.741 | 95.741 | 95.741 | 95.741 | 95.741 | 2.250.141 | 2.728.843 |
| | 200.706 | 200.706 | 200.706 | 200.706 | 200.706 | 4.850.407 | 5.853.939 |

## Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

33. Á sveitarfélaginu hvíla ábyrgðaskuldbindingar gagnvart nokkrum félagasamtökum að eftirstöðvum 10,3 millj.kr. sem greiðast að mestum hluta á árinu 2012.

34. Í byrjun árs 2007 seldi sveitarfélagið Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. íþróttamannvirki sín ásamt lóð fyrir 785,7 millj.kr. og gerði við félagið framkvæmda- og leigusamning um íþróttahús og sundlaug til 30 ára. Þessi samningur var færður í ársreikninginn í ársbyrjun 2010 skv. áliti reikningsskila- og upplýsinganefndar. Rekstrarkostnaður nemur 8,2% af leigugreiðslum og færist utan efnahagsreiknings. Sú skuldbinding nemur 204,6 millj.kr. Yfirstandandi eru samningar við EFF um kaup sveitarfélagsins á öllum fasteignum leigusamningsins samhliða slitum leigusamningsins.

35. Sveitarfélagið gerði samning á árinu 2009 við Búmenn hsf. um kaup á búseturétti og leigusamning á þjónusturými og bílageymslu í þjónustuhúsi fyrir aldraða í nýjum miðbæ Álftaness. Leigutími var 50 ár án heimildar til uppsagnar. Sveitarfélagið gekk frá samkomulagi við Búmenn hsf. um slit á nefndum samningum gegn greiðslu að fjárhæð 65 millj.kr. Aukinheldur skilaði sveitarfélagið samkvæmt samkomulaginu skuldabréfunum að verðmæti 310 millj.kr. og tók til baka lóð að verðmæti 100 millj.kr. og bakfærði 210 millj.kr. söluhagnað. Jafnframt felldi sveitarfélagið niður gatnagerðargjöld og byggingaleyfisgjöld fyrir 84 millj.kr. Samhliða féll niður skuldbinding að fjárhæð 932 millj.kr.

36. Sveitarfélagið ber hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaga sem það er aðili að. Skuldbindingar sveitarfélagsins í lok ársins miðað við íbúafjölda 1. desember 2011, eru eftirfarandi í þús. kr.:

| | Hlutdeild Álftaness | A hluti Eftirstöðvar |
|---|---|---|
| SORPA bs. | 1,19% | 3.989 |
| Strætó bs. | 1,19% | 9.680 |
| Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins | 1,15% | 48 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. | 1,19% | 14.986 |
| Samtals | | 28.704 |

37. Skuldbindingar sveitarfélagsins í lok ársins sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Rekstrarkostnaðar leigueigna | 204.560 |
| Hlutdeild í byggðasamlögum | 28.704 |
| Styrkir til félagasamtaka | 10.300 |
| Samtals | 243.564 |

## Önnur mál

38. Bæjarstjórn Álftaness sendi Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) tilkynningu, í nóvember 2009, þess efnis að sveitarfélagið væri komið í þannig fjárþröng að bæjarstjórn teldi sér eigi unnt að standa í skilum. Þann 9. nóvember 2009 hófst rannsókn á rekstri og fjárreiðum sveitarfélagsins á vegum EFS. Samkomulag var gert þann 17. desember sama ár við EFS þar sem bæjarstjórn var veitt svigrúm til 20. janúar 2010 til að leggja fram áætlun sem sýndi fram á hallalausan rekstur eigi síðar en á árinu 2013. Að tillögu EFS skipaði ráðherra sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn þann 9. febrúar 2010 með skipunartíma til 1. ágúst 2010. Fjárhaldsstjórn hefur starfað óslitið síðan og er nú skipuð til 2. júlí 2012. Fjárhaldsstjórn tók við stjórn fjármála sveitarfélagsins og er bæjarstjórn óheimilt að inna greiðslur af hendi úr bæjarsjóði án samþykkis hennar. Meginhlutverk fjárhaldsstjórnar er að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárin 2012 og 2013 sem sýnir fram á hallalausan rekstur. Áætlun fjárhaldsstjórnar var samþykkt af innanríkisráðherra í desember 2011 fyrir nefnd fjárhagsár.

39. Í fjárhagsáætlun fjárhaldsstjórnar fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir að fjárhagslegri endurskipulagningu lyki fyrir árslok 2011. Nú liggur fyrir að það tókst ekki. Taflan sýnir þau áhrif sem fyrirliggjandi, óundirrituð samningsdrög auk samninga með fyrirvörum hefðu leitt af sér. Framlög Jöfnunarsjóðs sem greiðast á árinu 2012 eru talin með.

| | Ársreikningur 2011 | Eftir endur-skipulagningu | Áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | |
| Rekstrartekjur | 1.491.929 | 1.491.929 | 1.459.202 |
| Rekstrargjöld | ( 1.118.777 ) | ( 1.118.777 ) | ( 1.083.149 ) |
| Afskriftir fastafjármuna | ( 133.262 ) | ( 133.262 ) | ( 124.699 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 503.083 ) | ( 502.886 ) | ( 233.822 ) |
| Óvenjulegir liðir | ( 118.042 ) | 1.522.703 | 1.386.841 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | ( 381.235 ) | 1.259.707 | 1.404.373 |
| **Eignir** | | | |
| Fastafjármunir | 3.259.704 | 3.022.800 | 3.081.229 |
| Áhættufjármunir | 485.389 | 90.791 | 88.368 |
| Veltufjármunir | 367.357 | 167.537 | 363.031 |
| Eignir samtals | 4.112.450 | 3.281.128 | 3.532.627 |
| **Skuldir** | | | |
| Eigið fé | ( 1.630.251 ) | 10.691 | 215.834 |
| Skuldir | 5.742.701 | 3.270.437 | 3.316.793 |
| Skuldir og eigið fé | 4.112.450 | 3.281.128 | 3.532.627 |

40. Á árinu 2006 gerði sveitarfélagið samkomulag við Heimatún ehf. um byggingu 150 íbúðareininga á miðsvæði Álftaness. Um er að ræða breytingu á áður gerðu samkomulagi frá 2005.

41. Á árinu 2006 var gert samkomulag við Kaupfélag Suðurnesja svf. um sölu lóða til uppbyggingar á 20 þjónustuíbúðum að fjárhæð 120 millj.kr. og fyrir verslunarhúsnæði að fjárhæð 100 millj.kr. Á árunum 2006 og 2007 voru greiddar til sveitarfélagsins 85 millj.kr. vegna þessa samkomulags og er sú fjárhæð færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Kaupfélag Suðurnesja svf. hefur óskað eftir slitum á samningnum og hefur það ekki verið samþykkt af bæjarstjórn að svo stöddu.

42. Áhöld eru um hvort sveitarfélagið hafi með breytingum á aðalskipulagi í tveimur aðskildum málum, annars vegar á árunum 1993 og 1998 og hins vegar í maí 2006, gerst bótaskylt og hafa matsmenn verið dómkvaddir til að meta hugsanlegt tjón. Ekki er ljóst, á þessu stigi málsins, hvort bótaskylda verði staðfest í fyrra málinu en sveitarfélagið var sýknað í máli vegna breytinga frá 2006. Það mál bíður fyrirtöku í Hæstarétti.

43. Undirritaður var samningur við Vegagerðina í ágúst 2008 og með honum fær sveitarfélagið afhenta þjóðvegi innan sveitarfélagsins. Í samningnum er gengið frá skiptingu kostnaðar vegna fyrirhugaðra endurbóta á hinum yfirteknu vegum. Á árinu 2008 voru greiddar vegna samnings þessa 25 millj.kr. vegna hönnunarkostnaðar og var sá hluti sem ekki var búið að framkvæma fyrir færður meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Engar framkvæmdir voru á árinu 2011 vegna þessa og er staðan því óbreytt frá fyrra ári.

44. ÍAV hefur stefnt Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. vegna viðbótarkostnaðar við byggingu sundlaugar á Álftanesi. Dómur hefur fallið í Hæstarétti og féll hann ÍAV í vil og var EFF dæmt til að greiða ÍAV 82 millj.kr. Óljós eru áhrif dómsins á sveitarfélagið þar sem samningar standa yfir milli sveitarfélagsins og EFF, sjá skýringu 34.

45. Orkuveita Reykjavíkur rifti í janúar 2011 samningi um kaup og rekstur fráveitu Álftaness. Orkuveita Reykjavíkur höfðaði staðfestingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og lauk því með dómsátt, hinn 22.12.2011, sem fól í sér að sveitarfélagið greiði Orkuveitu Reykjavíkur 60 millj.kr. fyrir fráveituna, auk þess að falla frá styrk frá Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð 10 millj.kr vegna menningar- og náttúrufræðiseturs á Álftanesi. Sveitarfélagið tók við rekstri fráveitunnar í upphafi árs 2011.

## Lykiltölur

46. Sveitasjóður (A hluti)

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | Ársreikningur | Áætlun | Ársreikningur | Áætlun |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður | 90,7% | 90,5% | 88,3% | 87,8% |
| Laun og launatengd gjöld | 53,1% | 53,6% | 51,7% | 52,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | 22,9% | 21,8% | 23,3% | 22,2% |
| Afskriftir | 9,0% | 8,7% | 8,9% | 8,5% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 34,6% | 16,3% | 33,7% | 16,0% |
| Rekstrargjöld samtals | 119,7% | 100,5% | 117,6% | 98,8% |
| Rekstrarniðurstaða | -27,8% | 97,6% | -25,6% | 96,2% |
| Veltufé frá rekstri | 11,7% | 16,2% | 13,1% | 17,5% |
| Fjárfestingar | 0,8% | 95,8% | 4,8% | 97,0% |
| **Í þúsundum króna á íbúa:** | | | | |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður | 546 | 514 | 546 | 517 |
| Þjónustutekjur og aðrar tekjur | 56 | 54 | 73 | 72 |
| Tekjur samtals | 602 | 568 | 619 | 589 |
| Laun og launatengd gjöld | 313 | 301 | 313 | 302 |
| Annar rekstrarkostnaður | 138 | 124 | 144 | 131 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 7 | 4 | 7 | 4 |
| Afskriftir | 54 | 50 | 55 | 50 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 209 | 93 | 209 | 94 |
| Rekstrargjöld samtals | 721 | 571 | 728 | 582 |
| Rekstrarniðurstaða | ( 168 ) | 554 | ( 158 ) | 567 |
| Veltufé frá rekstri | 71 | 92 | 81 | 103 |
| Fjárfestingar | 5 | 545 | 30 | 571 |

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| **Efnahagur** | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 |
| Eignir | 1.695 | 1.712 | 1.705 | 1.712 |
| Eigið fé | ( 685 ) | ( 504 ) | ( 676 ) | ( 504 ) |
| Nettóskuld án lífeyrisskuldbindingar | 2.148 | 1.922 | 2.162 | 1.922 |
| Nettóskuld með lífeyrisskuldbindingu | 2.214 | 1.980 | 2.229 | 1.980 |
| Skuldir án lífeyrisskuldbindingar | 2.315 | 2.157 | 2.315 | 2.157 |
| Skuldir með lífeyrisskuldbindingu | 2.381 | 2.215 | 2.381 | 2.215 |
| Skuldbinding utan efnahagsreiknings | 101 | 474 | 101 | 474 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,24 | 0,19 | 0,22 | 0,19 |
| Eiginfjárhlutfall neikvætt | -40,4% | -29,4% | -39,6% | -29,4% |
| **Íbúafjöldi:** | | | | |
| Frá fyrra ári | 2.479 | 2.524 | 2.479 | 2.524 |
| Breyting á árinu | (67) | (45) | (67) | (45) |
| Íbúafjöldi 1. desember 2011 | 2.412 | 2.479 | 2.412 | 2.479 |

## Lykiltölur

47. Sveitasjóður (A hluti)

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | |
| Útsvar | 62,5% | 63,4% | 56,2% | 69,9% | 47,0% |
| Fasteignaskattar | 7,5% | 8,6% | 5,6% | 6,9% | 5,3% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 20,6% | 18,1% | 12,2% | 14,8% | 10,6% |
| Skatttekjur samtals | 90,7% | 90,1% | 74,0% | 91,6% | 62,9% |
| Aðrar tekjur | 9,3% | 9,9% | 26,0% | 8,4% | 37,1% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Laun og launatengd gjöld | 52,0% | 58,4% | 60,2% | 64,6% | 41,8% |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 1,1% | 0,7% | 1,2% | 0,9% | 0,8% |
| Annar rekstrarkostnaður | 22,9% | 23,1% | 38,9% | 41,8% | 26,1% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 23,9% | 17,8% | -0,3% | -7,2% | 31,3% |
| Afskriftir | 9,0% | 8,9% | 3,6% | 3,9% | 2,8% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | -34,6% | -9,5% | -19,0% | -60,6% | -3,0% |
| Rekstrarniðurstaða | -27,8% | -0,6% | -23,0% | -71,7% | 25,5% |
| Handbært fé til rekstrar | 23,5% | 1,7% | -8,5% | -13,3% | -2,7% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -0,8% | 1,1% | -9,0% | -16,0% | 12,2% |
| **Í þúsundum króna á íbúa:** | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | |
| Skatttekjur | 546 | 501 | 411 | 423 | 409 |
| Aðrar tekjur | 56 | 55 | 144 | 39 | 241 |
| Laun og launatengd gjöld án lífeyrissk. | 313 | 325 | 334 | 299 | 272 |
| Annar rekstrarkostnaður | 138 | 128 | 216 | 193 | 170 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 209 ) | ( 53 ) | ( 106 ) | ( 280 ) | ( 19 ) |
| Rekstrarniðurstaða | ( 168 ) | ( 4 ) | ( 128 ) | ( 332 ) | 165 |
| **Efnahagur:** | | | | | |
| Eignir | 1.695 | 1.712 | 1.070 | 952 | 981 |
| Eigið fé | ( 685 ) | ( 504 ) | ( 178 ) | ( 50 ) | 298 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 66 | 59 | 54 | 48 | 47 |
| Skuldir án skuldbindinga | 2.315 | 2.157 | 1.194 | 953 | 636 |
| Skuldbindingar utan efnahags | 101 | 474 | 1.627 | 1.005 | 319 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | 141 | 9 | ( 47 ) | ( 61 ) | ( 17 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 5 ) | 6 | ( 50 ) | ( 74 ) | 79 |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 53 ) | ( 3 ) | 82 | 95 | ( 4 ) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 84 | 12 | ( 15 ) | ( 40 ) | 58 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,24 | 0,18 | 0,19 | 0,18 | 0,83 |
| Eiginfjárhlutfall neikvætt | -40,4% | -29,4% | -16,6% | -5,3% | 30,4% |
| Íbúafjöldi | 2.412 | 2.479 | 2.524 | 2.510 | 2.372 |
| Breyting frá fyrra ári (%) | -2,7% | -1,8% | 0,6% | 5,8% | 4,1% |